

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

9. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki haldinn miðvikudaginn 19. desember 2018 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 15:00.

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Magnús Gíslason, Hrund Harðardóttir, Helga Sighvatsdóttir, Óðinn K. Andersen, Eiríkur Steinn Búason, Birgir Edwald, Jón Tryggvi Guðmundsson og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð.

- 1) Eiríkur Steinn kynnti vinnu sína frá síðasta fundi, talaði m.a. um að fyrstu drög að húsrýmisáætlun væru tilbúin út frá mismunandi þjónustustigum. Einnig áfangaskiptingu framkvæmda.
- 2) Eiríkur sagði frá samstarfsfundi sínum með skólatjórnum tónlistarskólans þar sem m.a. var rætt um mögulega samnýtingu á rýmum sem gætu nýst skólanum og öðrum skólum í byggingunni.
- 3) Síðastliðinn föstudag var fundur með leikskólastjórum í Árborg. Hópurinn sér fyrir sér að leikskólinn yrði undir sama þaki með möguleika á samnýtingu á einstaka rýmum. Mikilir samstarfsmöguleikar við grunnskóla og tónlistarskóla og notkun á íþróttasal sem og á fjölnotasal. Umræða var um að skipta vel upp lóðinni. Töluðu mikið fyrir náttúrulegri lóð sem gæfi góða möguleika á útikennslu.
- 4) Nýja minnisblaðið frá VSÓ út frá áhrifum Laugardælalands lagt fram og rætt.
- 5) Drög að húsrýmisáætlun, m.a. hvað ætti að vera í fyrsta áfanga. Kynning og umræða um upplýsingaver, fjölnotasal, eldhús, geymslur, tæknirými, aðstöðu húsvardar, aðstöðu fyrir umsjónarmann v/upplýsingatækni, hreyfisal, félagsmiðstöð, leikskólarými, íþróttahús, tónlistarskóla o.fl. Eiríkur Steinn sendir áætlunina á hópinn.
- 6) Stefnt að því að klára þessu vinnu í janúar.

Fundi slitið kl. 16:45

Arna Ír Gunnarsdóttir (sign.) Tómas Ellert Tómasson (sign.) Magnús Gíslason (sign.)
Hrund Harðardóttir (sign.) Helga Sighvatsdóttir (sign.) Óðinn K. Andersen (sign.)
Eiríkur Steinn Búason (sign.) Birgir Edwald (sign.) Jón Tryggvi Guðmundsson (sign.)
Þorsteinn Hjartarson (sign.)